

Útaf þessu skal fasteignamatsnefndinni hjermeð tjáð til leiðbeiningar, að **85**
 stjórnarráðið sjer sjer ekki fært að láta útborga kaup matsmanna þar eystra, þar **22. júlí**
 sem reikningarnir yfir matskostnaðinn verða að sendast stjórnarráðinu til úrskurð-
 ar, áður en þeir eru útborgaðir. En til þess að engin ónauðsynleg töf verði á
 greiðslu kostnaðarins, mun stjórnarráðið framvegis leggja fyrir landsfjehirði að
 senda matsnefndinni hinar úrskurðuðu upphæðir reikninganna, í peningum, með
 fyrstu ferð.

Að því er síðara atriðið snertir, þá telur stjórnarráðið sig ekki hafa heim-
 ild til að greiða matsnefndum þóknun fyrir aukavinnu fram yfir 10 stundir á dag
 því að matsmenn eiga, samkv. 12. gr. fasteignamatslaganna, aðeins að fá 5 kr.
 fyrir hvern dag sem þeir gegna nefndarstörfum, án tillits til þess hve margar
 stundir á dag þeir eru að starfi sínu.

Að endingu skal þess getið, að lagt hefir verið fyrir landsfjehirði að senda
 formanni fasteignamatsnefndar Suður-Múlasýslu kr. 278,22, sem er upphæð reikn-
 inga þeirra, er fylgdu framannefndu brjefi matsnefndarinnar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um bráðabirgða- **86**
flutning þingstaðar. **24. júlí**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 11. maí þ. á.,
 og beiðni hreppsnefndarinnar í Barðastrandarhreppi, veitir stjórnarráðið samþykki
 sitt til þess, að þingstaður nefnds hrepps verði til bráðabirgða fluttur að Haga í
 greindum hreppi, enda annist hreppsnefndin um það, að til verði á þingstað
 þessum hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari
 birtingar.